ESMA
European Securities and Markets Authority

CENTRAL BANK OF ICELAND

FINFLUENCERS

Ábendingar um ábyrga kynningu

Að kynna fjármálaafurð eða -þjónustu er ekki eins og að koma skóm eða úrum á framfæri. Það getur haft verulegar **neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar** fyrir fylgjendur þína. Nauðsynlegt er að hafa varann á. Hafðu eftirfarandi atriði í huga.

1. FORÐASTU VANDRÆÐI

Jafnvel þótt þú sért ekki starfsmaður í banka eða fjármálasérfræðingur, berð þú ábyrgð á því efni sem þú birtir. Misvísandi eða gáleysislegt efni getur haft skaðleg áhrif á fylgjendur þína – og **þú gætir borið lagalega ábyrgð fyrir óhagstæðri niðurstöðu fyrir neytendur**.

2. SKÝRÐU FRÁ ÞVÍ EF ÞÚ FÆRÐ GREIÐSLU EÐA ANNAN ÁVINNING

Ef þú færð peninga, gjafir eða fríðindi fyrir að kynna eitthvað, skaltu ekki leyna því – **segðu það hátt og skýrt**. Ekki taka það fram í smáu letri. Ekki bara með myllumerki (*e. hashtags*). Notaðu orð eins og: „Auglýsing“, „Greitt samstarf“ eða „Styrkt“ eða notaðu innbyggðan „auglýsingaborða“ vettvangsins sem þú notar.

Þessu til viðbótar, ef þú **fjárfestir nú þegar** í því sem þú ert að deila eða fjalla um, eða þú **gætir hagnast** ef aðrir kaupa það – **láttu það koma fram líka**.

3. ERTU AÐ TALA UM FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI?

Sumar fjárfestingar sem markaðssettar eru af fjárhrifavöldum – eins og samningar um fjárhagslegan mismun (CFD), gjaldeyrisviðskipti, framvirkir samningar, ákveðin hópfjármögnunarverkefni eða sveiflukenndar sýndareignir – geta falið í sér mjög mikla áhættu, þar á meðal möguleika á að tapa 100% af fjármagninu sem þú fjárfestir.

Gakktu úr skugga um að það sem þú segir sé **satt, sanngjarnt, skýrt og ekki villandi**.

Gerðu greinarmun á staðreyndum og skoðunum.

4. STÓR LOFORÐ, MIKIL ÁHÆTTA

Þekktu og skildu eiginleika vörunnar eða þjónustunnar sem þú ert að kynna, sérstaklega ef þú ert að auka sýnileika áhættusamra fjárfestingarafurða á borð við samninga um fjárhagslegan mismun(CFD), gjaldeyrisviðskipti, framvirka samninga eða sýndareignir. Sýndu heiðarleika. **Undirstrikaðu áhættuna, ekki bara ávinninginn**. Ekki beita þrýstingi eða skapa tilfinningu fyrir skyndilegu tækifæri **með orðalagi eins og „auðgast hratt“**. Fólk getur líka tapað peningum – hratt.

Ef það hljómar of gott til að vera satt, þá er það sjaldnast satt. Að kynna vafasamar vörur, vettvanga eða forrit getur komið þér og fylgjendum þínum í alvarleg vandræði. Því ættir þú alltaf að **ganga úr skugga um** að fyrirtækið eða vettvangurinn hafi viðeigandi starfsleyfi áður en þú fjallar um þau Ef ekki, gætir þú átt hlutdeild í fjársvikum.

5. MÁ VEITA RÁÐLEGGINGAR OG/EÐA RÁÐGJÖF?

Að segja fólki hverju það á að fjárfesta í – eða hvað á að forðast – getur talist vera fjárfestingarráðgjöf (1).

Ef þú vilt veita ráðleggingar og/eða ráðgjöf þarftu leyfi frá þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi landi.

Ef þú ert ekki með starfsleyfi og starfsheimild til að veita fjárfestingarráðgjöf, **ekki gefa persónulegar ráðleggingar um hvað ætti að kaupa, selja eða halda**.

Jafnvel það **að deila skoðun þinni opinberlega** um hvort hlutabréf eða sýndareign muni fara upp eða niður í virði – eða kynna fjárfestingarstefnu (e. investment strategy) – getur talist vera **fjárfestingarráðlegging** (2), sem **ákveðnar reglur gilda um**.

Í ákveðnum aðstæðum getur fræðsla eða kennsluefni verið túlkað sem ráðgjöf eða ráðleggingar.

Fyrirvarar eins og „Þetta er ekki fjárfestingarráðgjöf" munu ekki vernda þig í þessum tilvikum.

6. EKKI ÞYKJAST VERA SÉRFRÆÐINGUR

Ef þú skilur ekki fjárfestingarvöru að fullu – ekki tala um hana eins og þú gerir það.

Þú þarft ekki gráðu í fjármálum til að birta efni en slæmar ráðleggingar geta leitt til **raunverulegs tjóns fyrir fylgjendur þína ... og fyrir þig**.

7. AÐRAR MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR ER MÁLIÐ VARÐAR.

Seðlabanki Íslands | ESMA sendir frá sér viðvörun vegna fjárfestingarráðlegginga

8. TENGLAR Á INNLEND VEFSETUR EÐA YFIRVÖLD.

www.sedlabanki.is

www.neytendastofa.is

(1) Að veita persónubundnar ráðleggingar jafngildir fjárfestingarráðgjöf og telst fjárfestingaþjónusta sem krefst starfsleyfis.

(2) Þegar þú birtir efni á samfélagsmiðlum skiptir gagnsæi og rétt meðferð staðreynda höfuðmáli, sérstaklega þegar kemur að ráðleggingum um fjárfestingar. Þetta þýðir að ef þú ert fjárhrifavaldur, tæknilegur sérfræðingur eða einstaklingur með áhuga á fjárfestingum, þarftu að þekkja reglur um markaðssvik (Market Abuse Regulation) og kunna að bera kennsl á fjárfestingarráðleggingar. Vinsamlegast athugaðu aðvörun ESMA til einstaklinga sem birta fjárfestingarráðleggingar á samfélagsmiðlum.

HVERNIG Á AÐ FARA VARLEGA:

- Sýndu heiðarleika.
- Vertu skýr.
- Ekki gera þér upp þekkingu.
- Ekki villa um fyrir fólki og ekki veitta ráðgjöf.
- Segðu frá ef þú færð greitt.
- Hugsaðu þig tvisvar um áður en þú birtir -Ef þú ert í vafa: ekki birta.

ÁBENDINGAR UM ÁBYRGAR KYNNINGAR

Þessu upplýsingablaði er ekki ætlað að vera lögfræðiráðgjöf eða túlkun á gildandi reglum. Því er aðeins ætlað að vera almennar leiðbeiningar. Gerðu þína eigin áreiðanleikakönnun: Það er á þína ábyrgð að skilja mögulega lagalega ábyrgð þína.

© European Securities and Markets Authority, 2025

Image credits: filadendron / Getty Images; WavebreakmediaMicro, ARAMYAN - stock.adobe.com.

Luxembourg: Publications Office of the European Union, 2025
Reuse is authorised provided the source is acknowledged.
ISBN 978-92-95240-34-6 doi:10.2856/1482656 EK-01-25-049-IS-N